

MARKMIÐ

Að koma til móts við ólíka persónugerð,
þroska, getu og áhugasvið nemenda.



Að efla sjálfstraust og
jákvæða sjálfsmynd nemenda.



Að veita nemendum tækifæri til að
tengjast jafnöldrum sínum í félagslífi
og námi eftir því sem kostur er.



Að búa nemendur undir líf og starf
í þjóðfélaginu í samvinnu við heimilin.

LEIÐARLJÓS

Virðing

fyrir því að búa nemendur
sem best undir líf og starf
í þjóðfélaginu.



Ábyrgð

á því að beita fjölbreyttum
aðferðum þannig að
allir fái að njóta sín.



Gleði

í leik og starfi
sem stuðlar að jákvæðri sjálfsmynd
og sjálfsvirðingu nemenda.



Sérdeild Suðurland

Setrið Sunnulækjarskóla



Norðurhólum 1
Selfossi

480 5400

480 5424

serdeild@vallaskoli.is

www.sunnulaekjarskoli.is/setrid

STJÓRNUN

Sérdeild Suðurlands er deild í Sunnulækjarskóla á Selfossi.

Deildarstjóri sérdeildar ber ábyrgð á faglegu skólastarfi hennar.

Sérdeildin er rekin af Sveitarfélaginu Árborg samkvæmt samningi við Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi (SASS).



Sveitarfélög á Suðurlandi geta sótt um skólavist fyrir nemendur með fötlun sem þurfa sérhæfða þjálfun og kennslu samhliða námi í heimaskóla.

Fagræð sérdeildar fjallar um umsóknir, annast innritun og hefur eftirlit með innra starfi.

Árlegur starfstími sérdeildar fylgir skóla-dagatali Sunnulækjarskóla. Áhersla er lögð á að samræma foreldraviðtalsdaga í takt við skóladagatal heimaskóla.

HLUTVERK

Sérdeildin veitir nemendum sérkennslu, þroskaþjálfun, sérhæft námsumhverfi og stuðning inn í bekk.

Nemendur koma víðsvegar að af Suðurlandi og stunda nám í sínum heimaskóla samhliða námi í Sérdeild.

Kennarar og þroskaþjálfar sérdeildar veita ráðgjöf til kennara og starfsmanna í heimaskóla nemenda.



Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir nemendur sérdeildar í upphafi skólaárs. Er hún gerð í samvinnu við foreldra og kennara í heimaskóla.

Reglulegt símat fer fram í deildinni og í heimaskóla með skráningu á sameiginlega markmiðalista.

Skrifleg umsögn um stöðu nemenda er tekin saman við annaskil og kynnt á sameiginlegum foreldrafundi.

Samskiptabækur eru notaðar daglega við heimilin og þær þjónustustofnanir sem nemendur tengjast.

STARFSHÆTTIR

Samvera:

Dagurinn byrjar á samveru þar sem nemendur ræða það sem þeim liggur á hjarta og /eða farið er í fyrirfram ákveðin umræðuefni.

Áætlun:

Nemendur vinna eftir áætlun í íslensku og stærðfræði í samræmi við námsmarkmið sem gerð eru fyrir hvern og einn .

Lífsleikni:

Unnið með ýmsar athafnir daglegs lífs s.s. peningaþjálfun, ensku, upplýsingatækni, kynfræðslu og samskiptaþjálfun.



SAM:

Unnið er með samfélags- og náttúrufræði í gegnum þemavinnu.

Íþróttir og sund:

Markviss hreyfiþjálfun er samþætt í skólastarfið auk hóptíma í íþróttum og sundi.

Listgreinar:

Um er að ræða hóptíma í listgreinastofum skólans og einnig er margvísleg sköpun notuð sem leið í bóklegu námi.